

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 33/97
frá 29. maí 1997**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/97 frá 6. maí 1997⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 96/96/EB frá 20. desember 1996 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Tilskipun ráðsins 96/96/EB fellir úr gildi frá 9. mars 1998 tilskipun ráðsins nr. 77/143/EBE frá 29. desember 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna sem eru tengdir við þau⁽³⁾ og síðari breytingar á henni sem hafa verið teknar upp í samninginn og ber því að fella brott úr honum, með gildistöku frá sama degi.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 242, 4.9.97, bls. 72 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 37, 4. 9. 1997, bls. !!

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 46, 17. 2. 1997, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 47, 18. 2. 1997, bls. 47.

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 16. lið (tilskipun ráðsins nr. 77/143/EBE) í XIII. viðauka við samninginn:

„16a. 396 L 0096: Tilskipun ráðsins 96/96/EB frá 20. desember 1996 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra (Stjtið. EB nr. L 46, 17. 2. 1997, bls. 1).“

2. gr.

Texti 16. liðar (tilskipun ráðsins nr. 77/143/EBE) fellur niður, með gildistöku frá 9. mars 1998.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 96/96/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. maí 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

C. Day

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

